





Reykjavík, 16. nóvember 2023

Bústaðablettur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8.nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Soffiu Halldórsdóttur, dags. 7. nóvember 2023, ásamt bréfi Jóhanns K. Halldórssonar húsasmiðs, dags. 6. nóvember 2023, um að setja niður timburhús og bílskúra á lóðinni nr. 10 við Bústaðablett.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Mæliblað



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Bústaðablettur 10 á skilgreindu opnu svæði. Þar er gert ráð fyrir leikvöllum, gróðurreitum, minni útivistarsvæðum og almenningsrýmum og græn beltí innan þéttbýlis.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið, um er að ræða óuppgerð erfðafestuland. Samkvæmt erfðafestusamningi er landið hugsað til ræktunar og ekki leyfilegt setja niður hús nema með samþykki borgarstjórnar.

Umsögn

Í fyrirspurn er óskað eftir leyfi til þess að staðsetja tvö timburhús og tvo bílskúra við Bústaðablett 10. Samkvæmt teikningum sem fylgja fyrirspurn er um að ræða tvö 100 fermetra bjálkahús á tveimur hæðum og tvo 30 fermetra bílskúra.

Mál þetta á sér forsögu þar að segja á undanförunum árum hefur verið lögð inn fyrirspurn þar sem óskað er eftir stækkun og breytingum á umræddu húsi. Samanber eldri umsögnum hefur niðurstaðan verið sú að ekki hafa verið uppi áform um frekari uppbyggingu á þessu svæði og því hefur ekki verið hægt að fallast á fyrrum fyrirspurnir.

Niðurstaða

- Neikvætt, ekki er hægt að fallast á erindið

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri